# Fundargerð stjórnar Bandalags íslenskra skáta

| **Fundarstjóri:** Marta Magnúsdóttir | **Fundur nr. 05/2019** |
|---|---|
| **Fundarritari:** Sigríður Ágústsdóttir | |
| **Mættir:**<br>Marta Magnúsdóttir (MM) skátahöfðingi<br>Anna G Sverrisdóttir (AGS) formaður fjármálaráðs<br>Berglind Lilja Björnsdóttir (BLB) formaður ungmennaráðs<br>Björk Norðdahl (BN) formaður fræðsluráðs<br>Dagmar Ýr Ólafsdóttir (DÝÓ) aðstoðarskátahöfðingi, formaður félagaráðs<br>Harpa Ósk Valgeirdóttir (HÓV) formaður dagskrárráðs<br>Egle Sipaviciute (ES) fulltrúi upplýsingaráðs<br>Kristinn Ólafsson (KÓ) framkvæmdastjóri BÍS<br>Sigríður Ágústsdóttir (SÁ) skrifstofustjóri BÍS | **Fundarstaður:**<br>**Hraunbær 123**<br><br>**Dags: 19. mars 2019**<br><br>**Frá kl. 19:00** |
| **Fjarverandi:** Liljar Már Þorbjörnsson (LMÞ) formaður alþjóðaráðs<br>**Gestur undir lið 4.1 „Skátaþing“:** Sigurður Úlfarsson formaður uppstillingarnefndar.<br>**Gestir undir lið 6.1 „Nýtt útlit, logo og ímyndarmál BÍS“:** Birgir Ómarsson og Haukur Haraldsson | |

**Dagskrá:**

| Tími - mín: | Nr. | Fundarefni | Ábyrgð |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | **Setning**<br>MM setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. | MM |
| 1 | 2 | **Fundargerðir síðasta fundar**<br>Fundargerðir eru sendar til stjórnarmeðlima og ef ekki koma athugasemdir innan þriggja daga frá sendingu teljast þær samþykktar. | KÓ |
| 20 | 3 | **Fjármál**<br>1. Rekstur BÍS árið 2018.<br>Farið yfir rekstraryfirlit síðasta árs.<br>2. **Fjárhagsáætlun 2019 – samþykkt.** | AGS/KÓ |
| 90 | 4 | **Stjórnsýsla**<br>**1. Skátaþing**<br>a. Dagskrá – afgreiðsla<br>b. Skipting verkefna og kynninga á þinginu rædd.<br>c. Lagabreytingatillögur. Þær tillögur sem eru komnar voru kynntar og ræddar:<br>i. Lagabreytingatillaga við 19. gr. um atkvæðadreifingu á Skátaþingi<br>ii. Lagabreytingartillaga við 19. gr. um atvæðisrétt ungmenna á Skátaþingi<br>iii. Lagabreytingartillaga við 20. gr. um kjörgengi í kjörnefnd á Skátaþingi | Allir<br><br>SÁ |

VERIFIED WOSM QUALITY STANDARD

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | iv. Lagabreytingartillaga við 20. gr. um kosningar í Úlfljótsvatnsráð á Skátaþingi<br>v. Lagabreytingartillaga við ?? gr. um Siðanefnd BÍS um málefni fullorðinna meðlima. 3ja manna nefnd skipuð af stjórn og þangað hægt að vísa málum sem fólk telur að sé ekki í takt við okkar siðareglur. Siðanefnd myndi fjalla um þetta og senda niðurstöður til stjórnar sem myndi kynna viðkomandi niðurstöður siðanefndar.<br>vi. Lagabreytingartillaga við nokkrar gr. um einföldun á stjórnskipulagi BÍS<br>vii. Breyting á grunngildum – skátaaðferðin – fyrst lögð fyrir á Skátaþingi 2018<br><br>viii. Þingsályktunartillaga um umhverfisvernd<br>ix. Þingsályktunartillaga um foringjanámskeið fyrir aðstoðarsveitarforingja<br>d. Boðslisti, gestaávörp. Rætt um að gestaávarp væri um: Skátaumhverfið í nærumhverfi<br>e. Heiðursmerki. Heiðursmerkjanefnd BÍS tekur ávallt við tillögum. Sendist til Sigríðar skrifstofustjóra. sigridur@skatar.is<br>f. Sigurður Úlfarsson formaður uppstillingarnefndar kynnti tillögur uppstillingarnefndar fyrir kosningar í embætti á skátaþingi 2019. | KÓ |
| 15 | 5 | **Viðburðir og fræðsla**<br>1. Viðburðir framundan og tímalína.<br>Ekki tekið fyrir. | Allir |
| 30 | 6 | **Miðlun upplýsinga og samfélagsþátttaka (Kynning og ímyndarmál)**<br>Birgir Ómarsson og Haukur Haraldsson mættu á fundinn og ræddu athugasemdir sínar við nýjar lógóhugmyndir.<br>Ákveðið var að nota útlitsstaðlana með letur og liti og nota áfram merki BÍS sem „er skátaliljan og smárinn tengd saman með hnúti úr íslenskum vefnaði“ eins og stendur í lögum BÍS. Ákveðið var að setja með hnútnum tillögu auglýsingastofunnar Tvist um letrið og litina á orðinu „skátarnir“ og það verði notað þar til endanlegt merki er komið og samþykkt.<br>Í 3. grein í lögum BÍS segir: „Merki BÍS er skátaliljan og smárinn tengd saman með hnúti úr íslenskum vefnaði. Stjórn BÍS setur reglugerð um nánari útfærslu og notkun á merki BÍS og öðrum einkennum skáta.“ | Allir |
| 5 | 7 | **Starfsmannamál**<br>Ekki tekið fyrir. | KÓ |
| | 8 | **Önnur mál**<br>1. Hraunbúar eru að skoða að hafa þann háttinn á hjá sér að hafa trúnaðarmann sem hægt er að vísa málum til. Spurning hvort hægt sé að taka þetta upp í fleiri skátafélögum, tengja þetta við | Allir |

SGS VERIFIED WOSM QUALITY STANDARD Good Governance & Scouting Best Practices

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | siðanefnd BÍS og tryggja að ekki verði farið inn á verksvið Æskulýðsvettvangsins. Verður skoðað áfram.<br>2. Áskorun barst til stjórnar BÍS um að sækja um að halda heimsþing skáta (e. World Scout Conference) árið 2023. Ákveðið var að verða ekki við því að þessu sinni þar sem það fellur ekki að forgangsröðun stjórnar um að efla og fjölga sveitarforingjum.<br>3. Skátaskólinn. Hugmyndir um uppbyggingu og áherslur lagðar fram. Mikilvægt að fræðslumál og dagskrármál haldist í hendur og stefni í sömu átt. Verður tekið nánar fyrir á næsta fundi.<br>4. Landsmótsstjóri Landsmóts 2020 verður Ásgeir Hreiðarsson á Akureyri. Stjórn samþykkir að auglýst verði eftir: tæknistjóra, dagskrárstjóra, kynningarstjóra og starfsmannastjóra. | |
| | | **Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.** | |

**Viðburðir og verkefni framundan:**

| | | |
|---|---|---|
| **mars '19** | 23.-24. | **Skyndihjálparnámskeið** |
| **mars '19** | 30. | **Gilwell 4. skref** |
| **apríl '19** | 5.-6. | **Skátaþing haldið á og við Úlfljótsvatn** |
| **apríl '19** | 7. | **Námskeið fyrir félagsstjórnir á Úlfljótsvatni 10-13** |
| **apríl '19** | 7. | **Samráðsfundur stjórnar og ráða BÍS á Úlfljótsvatni 10-13** |
| **apríl '19** | 13.-17. | **Íshæk (hjá Klakki)** |
| **apríl '19** | 14. | **Pálmasunnudagur** |
| **apríl '19** | 15.-17. apríl | **Flokkahelgi Úlfljótsvatni** |
| **apríl '19** | 21. | **Páskadagur** |
| **apríl '19** | 25. | **Sumardagurinn fyrsti (messa hjá Hraunbúum?)** |
| **maí '19** | 24.-26.??? | **Skátapepp dróttskáta** |
| **maí '19** | 25.-26. | **Gilwell 5. skref -fellur niður** |
| **maí '19** | ?? | **Verndum þau námskeið** |
| **maí'19** | ?? | **Skyldur stjórnenda sumarnámskeiða** |
| **maí/júní'19** | ?? | **Námskeið fyrir sumarstarfsfólk** |
| **júní '19** | 1.-2. | **Drekaskátamót á Úlfljótsvatni - OFURHETJUÞEMA** |
| **júní '19** | 2. | **Sjómannadagurinn** |
| **júní '19** | 7.-10. | **Vormót Hraunbúa** |
| **júní '19** | 9. | **Hvítasunnudagur** |
| **júní '19** | 18.-28. | **Sumarbúðir dróttskáta Úlfljótsvatni** |
| **júní '19** | ?? | **Útivistaráskorun rekkaskáta - Auður djúpúðga** |
| **júní '19** | | **Viðeyjarmót Landnema verður EKKI haldið sumarið 2019** |
| **júní '19** | | **Skyldur stjórnenda sumarnámskeiða** |
| **júní '19** | | **Námskeið fyrir sumarstarfsfólk** |
| **júní '19** | | **Félagsstjórnarnámskeið - Ábyrgð og skyldur stjórnarmanna** |
| **júlí '19** | 4.-7. | **Afmælismót SSR** |
| **júlí-ágúst '19** | 27.7.-2.8. | **World Scout Jamboree** |
| **ágúst'19** | ?? | **Öræfalíf rekkaskáta - í samstarfi við Landsbjörgu?** |
| **ágúst'19** | 30.8.-1.9. | **Sumar-Gilwell 1. og 2. skref** |
| **ágúst-sept'19** | ?? | **Uppskeruhátíð rekkaskáta v/forsetamerkis (í kynningarvikunni)** |

| | | |
|---|---|---|
| **sept'19** | ?? | **Forsetamerkisafhending** |
| **sept'19** | ?? | **Verndum þau námskeið** |
| **okt'19** | 5.-6. | **Skyndihjálparnámskeið** |
| **okt'19** | 19. | **Gilwell 4. skref** |
| **nóv'19** | 2. | **Fálkaskátadagur** |
| **nóv'19** | 2. | **Afmæli skátastarfs** |